Saga haust 2008 nota:Saga haust 2004 - NOTA 25.11.2008 15:37 Page 69



Steingrímur Eyfjörð: *Huldusauðkind* á sýningu hans Lóan er komin á Feneyjatvíæringi, 2007.

nokkra sérstöðu með fagurlega útskornum og litríkum tréverkum sem hafa augljósa skírskotun til handverks fyrri tíma. Jafnvel þótt handverkið sé ekki innihald verka Hannesar, er hann sér meðvitaður um það hvers konar agn vel unninn gripur er í augum íslensks áhorfanda, og má segja að það sé ein helsta tálbeita verka hans. Í þeim kveður hins vegar við annan og alþjóðlegri litatón en í verkum Birgis, en það er að mörgu leyti dæmigert fyrir það hvern-